

- Skilyrði efnislegrar meðferðar
- Frávísun

Úrskurður nr. 4/1997

Í máli þessu kærði B ehf. tollstjóra fyrir drátt hans á því að ákvarða tollverð fjögurra bifreiða sem félagið flutti inn. Ákvörðun tollstjóra lá því ekki fyrir í málinu, en það er samkvæmt lögum skilyrði, að tollstjóri eða ríkistollstjóri hafi fjallað formlega um mál, áður en ríkistollanefnd geti tekið mál fyrir efnislega. Þar af leiðandi var málinu vísað frá.

Lög nr. 55/1987, 35. gr., 100. gr., 100. gr. 1. mgr., 101. gr. 1. mgr., 142. gr.

Lög nr. 37/1993, 9. gr. 4. mgr., 26. gr.

Með bréfi, dags. 29. janúar 1997, er barst nefndinni þann 30. s.m., kærir A, fyrir hönd B ehf., tollstjórann í K fyrir drátt hans við að ákvarða tollverð fjögurra bifreiða sem umbjóðandi kæranda flutti inn á eftirtöldum sendingarnúmerum: S URN 15 05 6 US ORF A005, S GRS 30 10 6 CA HAL A 003, S GRS 30 10 6 CA HAL A 004 og S GRS 30 10 6 CA HAL A 005. Kærandi sendi fjármálaráðuneytinu stjórnsýslukæru vegna þessa máls þann 22. janúar 1997. Ráðuneytið vísaði kærinni frá með bréfi þann 28. s.m. með þeim rökstuðningi að í 26. gr. stjórnsýslulaga segi að aðila máls sé heimilað að kæra stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds til þess að fá hana fellda úr gildi eða breytt, nema annað leiði af lögum eða venju. Í 4. mgr. 9. gr. laganna er síðan að finna kærueimild vegna dráttar stjórnvalda á afgreiðslu máls, en í ákvæðinu segir að dragist afgreiðsla máls óhæfilega sé heimilt að kæra það til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til. Ráðuneytið telur að þar sem mál þetta fjalli um drátt tollstjóra á að ákvarða tollverð umræddra bifreiða skv. 1. mgr. 101. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. tollalaga, með síðari breytingum, geti innflytjandi skotið úrskurði tollstjóra um gjaldskyldu, tollflokkun, tollverð og fjárhæð aðflutningsgjalda til ríkistollanefndar.

Ríkistollanefnd hefur fjallað um málið á fundum og farið yfir þau gögn sem því fylgja. Í 101. gr. er fjallað um það hvaða skilyrði mál þarf að uppfylla til að ríkistollanefnd taki mál til efnislegrar meðferðar. Þar segir: „Innflytjandi getur skotið endurákvörðun ríkistollstjóra skv. 35. gr., úrskurði tollstjóra skv. 100. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga, talið frá póstlagningu úrskurðar eða ákvörðunar. Ríkistollstjóri getur skotið úrskurði tollstjóra skv. 100. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan sama frests og greindur er í 1. mgr. Kæru skulu vera skriflegar og studdar nauðsynlegum gögnum. Vanreifun varðar frávísun.“

Eins og fram kemur í tilvitnuðum lagatexta er skilyrði þess að ríkistollanefnd fjalli efnislega um mál að tollstjóri eða ríkistollstjóri hafi fjallað formlega um málið. Með öðrum orðum úrskurði, ákvörðun eða ályti tollstjóra eða ríkistollstjóra má skjóta til ríkistollanefndar sem æðra úrskurðaraðila á tilteknu sviði.

Engin formleg ákvörðun tollstjóra liggur fyrir í máli þessu, enda er það kæruefni innflytjanda. Þegar af þessari ástæðu vísar ríkistollanefnd máli þessu frá.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, er máli þessu vísað frá.